

Fréttatilkynning - Innköllun

TORO Kremet Kyllingsuppe inniheldur sellerí

Heildverslunin John Lindsay hf. fyrir hönd Orkla Foods Norway hefur, í samráði við matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, ákveðið að innkalla kjúklingasúpu (Kremet Kyllingsuppe) þar sem varan inniheldur sellerí en það er ekki tilgreint í innihaldslýsingu.

Nánar tiltekið er um að ræða framleiðslulotur af Kremet Kyllingsuppe með best fyrir dagsetningar á bilinu 27.03.2016 til 06.06.2016.

Sellerí og afurðir úr því eru á lista yfir ofnæmis- og óþolsvalda. Uppskriftinni að Kremet Kyllingsuppe var nýlega breytt þannig að sellerí var bætt við súpuna. Láðist að breyta umbúðum til samræmis. Varan er skaðlaus fyrir þá sem ekki eru viðkvæmir fyrir sellerí og afurðum úr því.

Þeir neytendur sem eiga umrædda vöru og eru viðkvæmir fyrir sellerí eru beðnir um að neyta hennar ekki og farga henni eða skila til þeirrar verslunar þar sem hún var keypt.

Nánari upplýsingar veitir Stefán S Guðjónsson 896-1890

Reykjavík 25.07.14

